

## 7. AÐALFUNDUR FÉLAGS FRAMHALDSSKÓLAKENNARA 26. - 27. apríl 2018

---

### TILLAGA AÐ 0,1% SJÓÐURINN VERÐI GREIDDUR ÚT SEM LAUN - FRÁ FÉLAGSMANNI

---

Lagt er til að 0,1% sjóðurinn verði borgaður út sem laun í hverjum mánuði / árlega.

#### **GREINARGERÐ:**

Sjóðurinn er reiknaður sem hluti af heildarlaunum kennara og hver og einn er fullfær um að ráðstafa launum sínum.

Í kjarasamningi FF og fjármálaráðuneytisins 4. apríl 2014 er eftirfarandi bókun:

Aðilar eru sammála um að 0,1% iðgjald til mennta- og fræðslusjóða sem um getur í samkomulagi aðila um breytingar á kjarasamningum vegna ríkisrekkinna framhaldsskóla 15. febrúar 2013 verði nýtt til að stuðla að aukinni þekkingu um mannauðsmál og til að styrkja stöðu þeirra sem starfa í umboði Kennarasambands Íslands í framhaldsskólum.

Aðilar eru sammála um að iðgjaldið verði reiknað af heildarlaunum félagsmanna Kennarasambands Íslands í ríkisreknum framhaldsskólum og það lagt á sérstakan biðreikning frá og með 1. mars 2014. Framlagið skal millifært, samkvæmt samkomulagi aðila, til Kennarasambands Íslands frá og með 1. ágúst 2014.

Ég hef verið gagnrýninn á úthlutanir stjórnar FF úr 0,1% sjóði til félagsdeilda. Úr þessum sjóði er búið að úthluta til ýmissa samkoma félagsdeildanna þar sem veitingar (stundum áfengar) og fræðsla fara saman. Samtals eru styrkirnir að upphæð 200 þúsund krónur. Okkur í FÁ var gróflega misboðið þegar umsókn okkar um ADHD námskeið fékk synjun en ostaveisla í öðrum skóla samþykkt.

0,1% af heildarlaunum er um 600-800 krónur á hvern starfsmann FÁ í hverjum mánuði. Miðað við að við séum 80 kennarar þá eru þetta um 46-64 þúsund krónur í hverjum einasta mánuði sem starfslíðið borgar í sjóðinn. Á ári um 500-700 þúsund krónur. Gef lítið fyrir þau rök að um sé að ræða greiðslur frá skólanum. Um er að ræða peninga sem ella hefðu verið laun.

Unnar Þór Bachmann, formaður kennarafélags FÁ, trúnaðarmaður og frambjóðandi til samninganefndar FF 2018.